

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 200/1994.

Arnól hf.

(Jón Halldórsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Márusar Jóhannessonar

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Áminning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara gerir hann gagnkröfu til skuldajafnaðar, að fjárhæð 166.163 krónur. Til þrautavara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og beri ekki vexti fyrr en frá þingfestingu málsins í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Bú stefnanda í héraði, Márusar Jóhannessonar, var tekið til gjaldþrotaskipta 3. apríl 1995, og hefur þrotabúi hans tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti. Krefst stefndi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Fallist verður á þá niðurstöðu héraðsdómara, að Márusi Jóhannessyni hafi fyrirvaralaust verið vikið úr starfi sem yfirmatreiðslumanni hjá áfrýjanda í byrjun janúar 1992. Eins og málið liggur fyrir, verður ráðið, að skort hafi á, að Márus hafi með viðunandi hætti sinnt skyldu til viðveru á vinnustað, eftir að hann sagði upp starfi sínu 11. nóvember 1991 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Eru aðilar sammála um, að vinnuskyldum hans hefði samkvæmt því átt að ljúka 29. febrúar 1992. Hefur áfrýjanda ekki tekist sönnun þess, að hann hafi veitt Márusi fullnægjandi áminningu eða viðvörun, hafi hann talið, að slök mæting Márusar til vinnu eða aðrar ávirðingar í starfi væru þess eðlis, að réttlætt gætu riftun ráðningarsamnings fyrir lok uppsagnarfrests. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á sýknukröfu áfrýjanda. Gagnkrafa hans til skuldajafnaðar á sér því heldur enga stöð.

Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, er einungis deilt um rétt Márusar til launa í janúar og febrúar 1992 og til orlofs af þeim launum auk orlofs fyrir mars og apríl 1991. Samkvæmt framansögðu á Mírus rétt til launa til loka uppsagnarfrests, þ. e. fyrir janúar og febrúar 1992, svo og til orlofs af þeim launum. Ekki hefur verið sýnt fram á, að Mírusi hafi verið greitt orlof fyrir mars og apríl 1991.

Ekki er tölulegur ágreiningur með málsaðilum um, að mánaðarlaun hafi numið 184.626 krónum. Hið sama á við um þá fjárhæð, 253.040,74 krónur, sem komist var að niðurstöðu um í héraðsdómi um áunninn orlofsrétt Márusar. Verður áfrýjanda gert að greiða stefnda laun í tvo mánuði og orlof samkvæmt framangreindu með dráttarvöxtum, svo sem segir í dómsorði. Frá þeirri fjárhæð ber að draga innborgun, 185.254 krónur, sem áfrýjandi innti af hendi í september 1992. Þá verður áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, sem ákveðst í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Arnól hf., greiði stefnda, þrotabúi Márusar Jóhannessonar, 437.038,74 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 622.292,74 krónum frá 1. mars 1992 til 15. september sama ár, en af 437.038,74 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 250.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 13. ágúst 1992, af Mírusi Jóhannessyni, Bergstaðastræti 22, Reykjavík, gegn Arnól hf., Ármúla 9, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 945.523,05 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. mars 1992 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...]. Til frádráttar komi innborgun stefnda, eftir að málið var höfðað, 185.254 kr.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum

kröfum stefnanda. Til vara er gerð gagnkrafa til skuldajafnaðar, að fjárhæð 166.163 kr., sem beri dráttarvexti frá þingfestingardegi. Til þrautavara er gerð krafa um, að stefnukrafa verði lækkuð verulega og dráttarvextir reiknist ekki fyrir en frá þingfestingardegi. Þá er sú krafa gerð, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að 1. maí 1991 hafi hann verið ráðinn yfirmatreiðslumaður hjá stefnda. Fyrir þann tíma hafði stefnandi unnið um nokkurra mánaða skeið sem matreiðslumaður hjá stefnda og þar áður, allt frá því í nóvember 1987, hjá Hótel Íslandi. Vegna ágreinings milli stefnda og stefnanda um vinnutilhögun o. fl. hafi stefnandi sagt starfi sínu lausu frá og með 1. desember 1991. Uppsagnarfrestur stefnanda hafi verið þrír mánuðir, þ. e. út febrúar 1992.

Stefndi hafi ekki fengist til þess að greiða stefnanda laun og orlof, sem stefnandi eigi inni hjá stefnda, þrátt fyrir eftirgangsmuni af hálfu stefnanda.

Kröfu sína reisir stefnandi á vinnusamningi milli stefnanda og stefnda, lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa í uppsagnarfresti svo og lögum nr. 30/1987 um orlof og kjarasamninga milli Félags matreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Laun fyrir desember 1991	kr.	158.778,00	(kr. 184.626 – innb. kr. 25.848)
Laun fyrir janúar 1992	–	184.626,00	
Laun fyrir febrúar 1992	–	184.626,00	
Orlof frá mars 1991, þ. e.			
12 mánuðir að við			
bættu 25% álagi	–	337.387,65	
Aukafríðagar v. vinnu á			
helgidögum	–	73.850,00	
Orlofsuppbót	–	6.250,00	
Samtals	kr.	945.518,05	

Til frádráttar þessum fjárhæðum komi innborgun á laun fyrir janúar, 20.309 kr., og innborgun á orlofskröfu stefnanda, 164.945 kr., samtals 185.254 kr.

Um málavexti tekur stefndi fram, að stefnandi hafi sagt upp starfi sínu 11. nóvember 1991. Frá þeim tíma hafi hann komið stopult til vinnu, þar til hann hafi hætt starfi fyrirvaralaust í byrjun janúar 1992 og ekki komið aftur til starfa þrátt fyrir áskorun þar um.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi fengið fullt endurgjald vegna starfs síns hjá stefnda, og kynni stefnandi að hafa átt einhvern rétt, hafi hann glatað honum fyrir aðgerðaleysi.

Mótmælt er kröfu um laun fyrir desember 1991 til febrúar 1992, þar sem stefnandi hafi fengið greidd full laun fyrir vinnuframlag sitt til loka starfs síns. Stefnandi hafi látið fyrirvaralaust af störfum án skýringa og ekki sinnt áskorun um að koma til starfa og vinna út uppsagnarfrest sinn og á þann hátt í raun gerst skaðabótaskyldur við stefnda fyrir að virða ekki uppsagnarfrest sinn.

Ágreiningur sé ekki um þriggja mánaða uppsagnarfrest, og hafi verið gert ráð fyrir, að stefnandi ynni til loka febrúar 1992. Eins og sjáist af vinnu-seðlum á dskj. nr. 7, hafi komur stefnanda til vinnu verið afar stopular fram til 6. janúar 1992, að hann lét af störfum að eigin frumkvæði. Stefnandi hafi ekki komið til vinnu eftir 6. janúar þrátt fyrir áskorun í símskeyti, sem honum hafi verið sent 8. janúar, sbr. dskj. nr. 6.

Stefnandi hafi fengið full laun fyrir desember 1991, þrátt fyrir það að aðeins hluti komi fram á launaseðli fyrir desember. Skýringin sé sú, að stefndi hafi lagt út fyrir orlofi, sem þrotabú Hótel Íslands hafi átt að greiða, sbr. launaseðil fyrir júní 1991. Í desember hafi stefnandi fengið orlofið greitt af Tryggingastofnun ríkisins vegna ríkisábyrgðar á launum, og hafi það þá verið leiðrétt á launaseðli fyrir desember. Hafi stefnandi því í raun fengið full laun í desember.

Samkvæmt launaseðli fyrir janúar 1992 fáir stefnandi greidd laun í samræmi við vinnuframlag, og jafnframt hafi verið gert upp orlof. Þessi greiðsla hafi ekki farið fram, fyrr en bréf barst frá Tryggingastofnun ríkisins, dags. 9. september 1992, vegna kröfu stefnanda, dags. 11. ágúst 1992, um innlausn orlofslaunakröfu, sbr. dskj. nr. 9. Stefnanda hafi verið boðið í byrjun febrúar 1992 að fá lokauppgjör launa, en af hálfu stefnda hafi þá verið gerð krafa til þess, að undirritaður yrði starfslokasamningur, sbr. dskj. nr. 11, en stefnandi hafi neitað því. Hafi uppgjörið því ekki farið fram fyrr en eftir, að bréf á dskj. nr. 9 hafi borist, og hafi þá ekki verið gert að skilyrði, að starfslokasamningur yrði undirritaður.

Mótmælt er sem rangri og ósannaðri kröfu um 25% álag á orlof. Álag á orlof greiðist aðeins, ef starfsmaður fer í sumarfrí að vetri að ósk vinnuveitanda, sbr. grein 4.1.2. á dskj. nr. 4, en slíku hafi ekki verið til að dreifa í þessu máli. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/1987 um orlof beri að gera upp orlof við starfsmann við starfslok, og hafi það verið gert, sbr. dskj. nr. 10.

Mótmælt er sem rangri og ósannaðri kröfu um aukafrídaga vegna vinnu á helgidögum. Stefnandi sem yfirmatreiðslumaður eigi ekki rétt á aukafrídögum fyrir vinnu á helgidögum. Launakjör og vinnufyrirkomulag stefn-

anda hafi ekki verið með þeim hætti, sem ákvæði greinar 4.4.1. í kjarasamningi á dskj. nr. 4 um aukafri vegna vinnu á helgidögum geri ráð fyrir. Stefnandi hafi ekki unnið reglubundna vaktavinnu, og laun hans hafi ekki verið miðuð við 40 stunda vinnuviku, en hvort tveggja sé skilyrði þess að eiga rétt á greiðslunni. Vinnutími stefnanda sem yfirmatreiðslumanns hafi verið óreglulegur, eins og vinnuseðlar á dskj. nr. 7 beri með sér, og launakjör verið allt önnur en þeirra matreiðslumanna, sem framangreint ákvæði eigi við, sbr. dskj. nr. 14.

Mótmælt er kröfu um orlofsuppbót. Stefnandi hafi starfað hjá stefnda frá miðjum febrúar 1991 og hefði því getað átt rétt á orlofsuppbót fyrir 2,5 mánuði, sbr. grein 1.5.22. í kjarasamningi á dskj. nr. 4. Sé þar um að ræða fjárhæð, sem nemi samtals um 1.500 kr. Væri talið, að stefnandi gæti átt rétt til þessarar greiðslu, hafi hann, þar sem ekki hafi verið fyrir en með málshöfðun þessari höfð uppi krafa um hana, misst þann rétt fyrir aðgerðaleysi.

Um varakröfu er til þess vísað, að stefnandi hafi sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara, en þegar hann hafi farið fyrirvaralaust úr starfi, hafi verið tæpir tveir mánuðir til loka uppsagnarfrests. Gagnkrafan sé reist á því, að stefnda beri skaðabætur, sem nemi helmingi launa þann tíma, sem eftir lifði af uppsagnarfresti, þar sem ekki hafi verið samkomulag um starfslok stefnanda. Verði stefnandi talinn eiga einhverjar fjárkröfur á hendur stefnda, gerir stefndi kröfu um, að skuldajafnað verði gagnkröfu stefnda vegna fyrirvaralauss brotthlaups stefnanda úr starfi. Ekki sé gerð krafa um reikning dráttarvaxta fyrir en frá þingfestingardegi og því til stuðnings vísað til 9. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Fallist dómurinn hvorki á aðalkröfu né varakröfu stefnda, sé gerð krafa til þess, að stefndi verði ekki dæmdur til að greiða laun í lengri tíma en svarar áunnum rétti stefnanda samkvæmt gr. 12.1.1., sbr. gr. 12.1.2. í framlögðum kjarasamningi. Þá verði jafnframt miðað við starfstíma stefnanda hjá stefnda um aðra greiðslupætti. Þá sé gerð krafa til þess, að vextir verði ekki reiknaðir fyrir en frá þingfestingardegi, með vísan til 9. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Krafa er gerð til þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð til samræmis við framangreint.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi látið af störfum að eigin frumkvæði 6. janúar 1992 og ekki komið til vinnu eftir það þrátt fyrir áskorun í símskeyti, sem honum var sent 8. janúar s. á.

Í símskeytinu segir: „Þann 11. nóvember 1991 sagðir þú upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Var gert ráð fyrir því að þú myndir vinna út upp-

sagnarfrestinn, til loka febrúar nk. Undanfarið hefur þig ítrekað vantað til vinnu án þess að um lögmæt forföll hafi verið að ræða eða þú hafir fengið leyfi til að vera fjarverandi. Frá 1. desember sl. hefur þú aðeins unnið 60 klst. og ekki mætt til starfa undanfarna daga án nokkurra skýringa. Lítum við svo á, að þú hafir látið af störfum fyrirvaralaust að eigin frumkvæði.

Arnól hf.

Arnar Laufdal og Ólafur Laufdal.“

Forsvarsmenn stefnda hafa ekki gefið skýrslu fyrir dómi. Í aðilaskýrslu stefnanda segir, að eftir að hann fékk framangreint símskeyti, hafi hann átt fund með Arnari Laufdal og Ólafi Laufdal, en ekki haft árangur sem erfiði og farið heim þann dag að ósk Arnars og Ólafs, sem hafi sagt berum orðum, að hann hefði ekkert þar að gera.

Vitnið Magnús Nielsson, sem viðstatt var þennan fund, staðfesti fyrir dómi þessa frásögn stefnanda. Þykir því sannað, að stefnandi hafi látið af störfum samkvæmt fyrimælum stefnda, en ekki að eigin frumkvæði, eins og haldið er fram af hálfu stefnda, enda ósannað, að skorað hafi verið á stefnanda að koma til starfa eftir þennan fund.

Fram er komið, að í júní mánuði 1991 komu tilmæli frá stefnda um, að allir skyldu vinna eftir stimpilkukku. Í aðilaskýrslu stefnanda kemur fram, að hann taldi víst, að með þessu væri verið að mæla yfirvinnu. Stefnandi bar fyrir dómi, að áður hefðu yfirmatreiðslumenn ekki notað stimpilkukku, og væri það mjög erfitt vegna eðlis starfsins.

Elín Gestsdóttir, starfsmannastjóri stefnda, bar fyrir dómi, að stefnandi hefði stimplað sig fyrsta mánuðinn, en síðan orðið misbrestur á því, að hann gerði það. Í framburði hennar kom jafnframt fram, að hún hefði þá farið að eltað við þetta sjálf og farið að leiðrétta stimpilkort stefnanda með hjálp starfsstúlku. Þrátt fyrir vanrækslu stefnanda að þessu leyti liggur ekki fyrir, að fundið hafi verið að þessu við hann.

Stefnandi bar fyrir dómi, að í starfi sínu sem yfirmatreiðslumanns hefði falist að sjá um rekstur eldhúss. Hefði farið eftir álagi, hve mikil vinna hans var. Samkvæmt vinnuseðlum á dskj. nr. 7 var fjöldi vinnustunda stefnanda misjafn. Óumdeilt er, að hann fékk föst mánaðarlaun, og fékk hann ekki greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Fyrir liggur, að í desember 1991 voru vinnustundir nokkru færri en ella, en þá hafði verið ráðinn annar yfirmatreiðslumaður til starfa ásamt stefnanda í eldhúsi stefnda, er skyldi taka við störfum stefnanda.

Pegar virtur er framburður þeirra vitna, er störfuðu með stefnanda í eldhúsi, þykir ekki sýnt fram á, að hann hafi vanrækt starfsskyldur sínar, enda

hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu stefnda, að hann hafi fengið áminningu fyrir slíkt, hvað þá áminningu með hótun um brottvikningu.

Þegar framanritað er virt, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að honum hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi með þeim hætti, sem gert var, og ber að fallast á þá kröfu stefnanda, að hann eigi rétt á launum í uppsagnarfresti, en óumdeilt er, að hann var þrír mánuðir. Ágreiningur er ekki um, að mánaðarlaun stefnanda námu 184.626 kr.

Upplýst er, að í júlímánuði 1991 lagði stefndi út fyrir orlofi, sem þrotabú Hótel Íslands átti að greiða stefnanda, og fékk stefnandi það greitt með launum sínum. Upplýst er, að vegna ríkisábyrgðar á launum greiddi Tryggingastofnun ríkisins umrætt orlof í desember 1991, og var þá sambærileg fjárhæð dregin frá launum stefnanda þann mánuðinn. Þykir ekki sýnt fram á annað en þessi ráðstöfun hafi verið gerð með fullu samþykki stefnanda. Þykir því sýnt fram á, að stefnandi hafi fengið full mánaðarlaun greidd í desember 1991.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að stefnandi eigi rétt til greiðslu orlofs, en fram er komið, að stefndi hefur þegar greitt 164.945 kr. inn á orlofskröfu stefnanda. Hins vegar er kröfu um 25% álag á orlof mótmælt, en þá kröfu sína styður stefnandi því, að hann hafi ekki tekið orlof sitt út á orlofstíma að beiðni stefnda, og vísar stefnandi til 4. gr. laga um orlof nr. 30/1987 og til gr. 4.1.2. í kjarasamningi Félags matreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa. Gegn andmælum stefnda telst ósannað, að stefnandi hafi unnið á orlofstíma að ósk stefnda, og ber því að hafna kröfu hans um 25% álag á orlof.

Í gr. 4.4.1. í fyrrgreindum kjarasamningi segir m. a.: „Fyrir vaktavinnu á frídögum skv. gr. 2.2.3. komi 12 samfelldir frídagar miðað við ársstarf, og er heimilt að veita þá á öðrum árstímum en hinum hefðbundna orlofstíma.“

Fallast ber á það með stefnda, að ákvæði greinarinnar miði við, að um vaktavinnu sé að ræða, en fram er komið í málinu, að stefnandi vann ekki reglubundna vaktavinnu. Þykir nefnt ákvæði því ekki taka til stefnanda máls þessa, og ber að hafna kröfu um aukafrídaga vegna vinnu á helgidögum.

Krafa um orlofsuppbót er samkvæmt grein 1.5.2.2. í fyrrgreindum kjarasamningi, en þar segir m. a.: „Matreiðslumenn, sem hafa áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og eru í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku í maí, skulu við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, 7.000 kr., árið 1990 og 7.500 kr. árið 1991, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.“

Stefnandi hóf störf hjá stefnda í febrúar 1991, og lauk uppsagnarfresti í lok febrúar 1992. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um orlof nr. 30/1987 er orlofsárið frá 1. maí til 30. apríl. Hann hafði því ekki starfað heilt orlofsár, er starfsskyldum hans lauk. Þykir hann því ekki hafa sýnt fram á rétt sinn til orlofsuppbótar skv. gr. 1.5.2.2. í kjarasamningi, og ber að hafna þeirri kröfu hans.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda laun fyrir janúar og febrúar 1992, 369.252 kr., og orlof, sem nemur 253.040,75 kr., að frá dregnu 25% álagi, sem kröfugerð stefnanda miðast við, en til frádráttar kemur innborgun stefnda, 185.254 kr.

Eftir þessari niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 130.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Arnól hf., greiði stefnanda, Márusi Jóhannessyni, 622.292,74 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. mars 1992 til greiðsludags og 130.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags, allt að frá dregnum 185.254 kr.
